



Knattspyrnudeild Gróttu
Birgir Tjörvi Pétursson, formaður
Kári Garðarsson, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 30. september 2020

Úrskurður: Kærumál nr. 8/2020 Gróttu vegna opinberra ummæla á GróttuTV

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 29. september 2020 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 21. september 2020, í samræmi við 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði ósæmilega framkomu í formi ummæla sem starfsmaður/stuðningsmaður Gróttu viðhafði í útsendingu GróttuTV frá leik Gróttu og Keflavíkur, þann 18. september 2020. Var um að ræða opinber ummæli sem eru að mati framkvæmdastjóra til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu og með þeim hafi verið vegið að æru og starfsheiðri dómara í leik Gróttu og Keflavíkur í Lengjudeild kvenna, þann 18. september sl.

Ummælin eru eftirfarandi:

„Hvað ertu að þæla maður. Hún var kolrangstæð, hvaða rugl er þetta?“

„Hvað er að þér maður, ertu ekki að dæma? Hvað ertu að hugsa? Hvernig var þetta ekki rangstaða? Ertu moron? Hvernig getur þú ekki séð að þetta sé rangstaða manneskja? Ertu með dómarapróf?“

Greinargerð framkvæmdastjóra var send til knattspyrnudeildar Gróttu og félaginu gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina.

Á fundi nefndarinnar 30. september 2020 lá fyrir greinargerð, sem barst nefndinni þann sama dag frá Birgi Tjörva Péturssyni formanni knattspyrnudeildar Gróttu, þar sem knattspyrnudeildin baðst afsökunar á ummælunum og þau hörmuð. Að því virtu og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli, sem viðhöfð voru í útsendingu GróttuTV frá leik Gróttu og Keflavíkur þann 18. september í Lengjudeild kvenna, hafi verið ósæmileg og hafi skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt þessu falla ummælin undir ákvæði 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 13.9.e), hefur brot á 21. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 100.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 29. september 2020 að sekta knattspyrnudeild Gróttu um kr. 50.000,- vegna framangreindra opinberra ummæla.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vill að lokum minna á nauðsyn þess að grein 1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót verði í heiðri höfð, en þar segir: *Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.*

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson